

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson
Foersom - Sb. 1871

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson
Sb. 1945



Bæn og faðir vor

Þakkarbæn

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Möldun

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Sb. 1671

Blessun

Æftirspil

Húmar að kveldi
S. Kaldalóns

Prestur:	Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir
Undirleikur:	Judy Tobin
Söngur:	Karlakórinn Ernir
Kórstjórn:	Jógunnar Biering Margeirsson
Hljóðfæraleikur:	Baldur Geirmundsson og Magnús Reynir Guðmundsson

**Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.
Kirkjugestum er boðið að þiggja kaffiveitingar að athöfn
lokinni í Oddfellow salnum.**

jhpren@gmail.com
S: 695 4174



*Bergsveinn Jóhann
Gíslason*

Fæddur 2. febrúar 1938
Dáinn 16. desember 2022



Útför frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14 :00

Forspil á harmoniku og bessa

Bæn

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fárað öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman - Matthías Jochumsson
Sb. 1945



Ritningarlestur

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
Hverju orði fylgir þögn
Og þögnin hverfur alltof fljótt

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
Skaltu eiga við það mikilvægan fund
Því að tár sem þerrað burt
Aldrei nær að græða grund

Líttu sérhvert sólarlag
Sem þitt hinsta væri það
Því morgni eftir orðinn dag
Enginn gengur vísum að

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr
Því skaltu fanga þessa stund
Því fegurðin í henni býr

Líttu sérhvert sólarlag
Sem þitt hinsta væri það
Því morgni eftir orðinn dag
Enginn gengur vísum að

Bragi Valdimar Skúlason

Ritningarlestur

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson

Guðspjall

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín Drottinn, hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína ég glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálp mér vel að þreyja,
meðtak þá, faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesús, andlátsorðið þitt
í mínu hjarta ég geymi,
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna ég burt úr heimi.

Hallgrímur Pétursson

Minningarorð